

Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsögn um tillögu áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að borgin dragi til baka útvistanir í snjómokstri.

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 23. janúar 2023 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, sbr. 31. liður fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 11. janúar 2023.

Lagt er til að Reykjavíkurborg dragi útvistanir vegna snjóhreinsunar og hálkuvana til baka. Borgin sjái því á ný milliliðalaust um snjómokstur í borginni, eigi eigin tæki og sé með beinráðið starfsfólk. Vélar og starfsfólk sem sinni snjóhreinsun vinni einnig við að halda götum og gangstéttum hreinum, slái gras á grænum reitum borgarinnar og sinni öðrum tilfallandi verkefnum. Umhverfis- og skipulagssvið komi á laggirnar vinnuvéladeild sem hafi umsjón með þessum verkefnum.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarlandsins.

Umsögn:

Frá því að Vélamiðstöðin var seld til einkaaðila árið 2010 hafa verkefni varðandi umhirðu og þjónustu við borgarlandið verið hjá skrifstofu borgarlandsins og skrifstofu framkvæmda og viðhalds eins og þær heita í núverandi skipuriti. Við þessi tímamót í sögu Vélamiðstöðvarinnar var verkefnum sem henni var falið skipt upp milli borgarinnar annars vegar og útboða á almennum markaði hinsvegar þar með talið vetrarþjónusta. Svipað fyrirkomulag þessarar þjónustu hefur verið við líði allt frá sölu Vélamiðstöðvarinnar. Stærsti hluti vetrarþjónustunnar hefur verið í útboðum en öll sérverkefni hafa farið til starfsfólks skrifstofu borgarlandsins. Öll stýring vetrarþjónustu er á höndum skrifstofu borgarlandsins.

Það er óljóst hvað átt er við með því að vetrarþjónustan hafi versnað á undanförunum árum enda verið sama fyrirkomulag á útboðum t.d. gatna í langan tíma. Nánast allar ábendingar vegna vetrarþjónustu gatna eru vegna húsa- og gatnagatna sem helgast ekki af hver vinnur verkið heldur þeim forgangi og þjónustustigi sem unnið er eftir. Hvað varðar stíga hafa hluti þeirra alltaf verið í útboðum, þ.e. stígar í vesturhluta borgarinnar. Fyrir nokkrum árum var austurhluti borgarinnar einnig boðnir út og ákveðið að borgin sæi einvörðungu um hjólaleiðir í borgarlandinu en aðrir stígar yrðu í verktöku. Ábendingum varðandi þjónustu við hjólastígakerfið hefur fækkað mjög



mikið á síðustu árum en ábendingum varðandi aðra stíga hafa staðið í stað. Að mati skrifstofu borgarlandsins er þetta ekki vísbendingar um að vetrarþjónusta hafi farið hrakandi.

Í vetrarþjónustu eru boðleiðir ekki langar. Eftirlitsmenn kalla út þrjá verktaka í stofn- og tengibrautir og stofnanalóðir en rekstrarstjórar og rekstrarfulltrúar þjónustumiðstöðva borgarlandsins kalla til tæki og starfsfólk í önnur sérverkefni í samvinnu við eftirlitsmenn. Undanfarin misseri hafa orðið breytingar á þessu útkallskerfi í þá átt að gera það betur miðlægt til að einmitt einfalda boðleiðir og hafa þær breytingar reynst ágætlega. Í dag er einn aðal stjórnandi vetrarþjónustu sem sér um daglegan rekstur verkefnisins og samhæfingu þess og hefur það kerfi reynst vel. Boðleiðir eru mun styttri og skilvirkari.

Það er einnig vert að geta þess að það yrði gríðarleg fjárfesting fyrir borgina að kaupa tæki og búnað sem þarf til að sinna vetrarþjónustu eins og staðan er. Um er að ræða 35 vinnuvélar af stærri gerðinni. Einnig yrði óljóst hvaða verkefni 12 vörubílar væru að sinna utan vetrarþjónustutímabils (vika 46 til viku 13) með hliðsjón af núverandi verkefnaskipulagi skrifstofu borgarlandsins. Svo má ekki gleyma að rekstur allra þessara tækja yrði mjög hár fastakostnaður og miðað við framboð á tækjastjórnendum yrði mjög erfitt að finna starfsfólk til að stjórna þessum tækjum fyrir borgina. Það hefur gengið illa að ráða í þegar fyrirbyggjandi stöðugildi tækjafólks og yrði væntanlega ekki auðveldara ef þyrfti að ráða inn fleira sérhæft starfsfólk á þessu sviði. Það er heldur ekki augljóst að hægt sé að nýta ofangreindar vélar öllum stundum í verkefni við umhirðu borgarlandsins. Hér mætti nefna að tækjabúnaður sem notaður er við vetrarþjónustu og hreinsun borgarlandsins að vori er sérhæfður og dýr og yrði lítil ef nokkur samnýting milli verkefna. Þó mætti nýta starfsfólk í vetrarþjónustu í eftirliti með hreinsun. Það sama má segja um grasslátt. Búnaðurinn til grassláttar er mjög sérhæfður og nýtist ekki til annarra verka nema dráttarvélar sem draga sláttuvagna en þeir eru notaðir til vetrarþjónustu hjólaleiða. Ráðningar sumarstarfsfólks í grasslátt ráðast af efnahagsástandi hverju sinni þannig að vinnuafl er ekki tryggt í þetta verkefni. Þetta er hindrandi þáttur þar sem grassláttur á borgarlandi er mannaflsfrekt verkefni enda mörg svæði sem þarf að slá með handstýrðum vélum. Hér má svo geta þess að árið 2017 var valin sú leið að bjóða út grasslátt í meira mæli en áður og hafa stýringu verkefnisins miðlægari. Það er skemmst frá því að segja að þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og ábendingum vegna grassláttar fækkað umtalsvert.

Það er mat fagaðila á skrifstofu borgarlandsins að það sé í flestum tilfellum hagkvæmara í sérhæfðri þjónustu að bjóða verkefnin út á markaði í stað þess að vinna verkin í eigin vinnu. Það er reynsla og faglegt mat skrifstofu borgarlandsins að blönduð leið eigin vinnu borgarinnar og verktöku með útboðum sé farsælasta leiðin í hagkvæmum rekstri verkefna sem skrifstofunni er falið að sinna. Fjöldi útboða getur verið mismunandi milli tímabila eftir faglegu mati skrifstofu borgarlandsins, það er hvort hagkvæmara sé að bjóða verkefnin út eða vinna í eigin vinnu. Skilvirkur og hagkvæmur rekstur þar sem þjónustan er í öndvegi er alltaf markmið ofangreinds rekstrar – og skrifstofu borgarlandsins.

Beðist er velvirðingar á seinkun svara við erindinu.

Hjalti Jóhannes Guðmundsson
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofu borgarlandsins